

Fundargerð Aðalfundar 2021

Staðsetning: Zoom – netfundur

Fundur settur kl. 14.00

Fundi slitið: kl. 17.12

Dagskrá fundar

1. *FORMAÐUR KANNAR HVORT TIL FUNDAR SÉ LÖGLEGA BOÐAÐ.*
2. *KOSNING FUNDARSTJÓRA OG FUNDARRITARA.*
3. *SKÝRSLA STJÓRNAR.*
4. *STEFNA SAFNAÐAR.*
5. *SKÝRSLA SÓKNARPRESTS.*
6. *SKÝRSLA MENNINGARFULLTRÚA.*
7. *SKÝRSLA ÆSKULÝÐSFULLTRÚA.*
8. *SKÝRSLA ÓLAFÍUSJÓÐS*
9. *FJÁRHAGSÁÆTLUN OG ÁRSREIKNINGAR LAGÐIR FRAM TIL SAMÞYKKTAR.*
10. *KOSNING Í STJÓRN SAFNAÐARINS.*
11. *TILLÖGUR.*
12. *ÖNNUR MÁL.*

Umræða

1. *FORMAÐUR KANNAR HVORT TIL FUNDAR SÉ LÖGLEGA BOÐAÐ.*

Jónína Margrét Arnórsdóttir formaður safnaðarstjórnar býður fólk velkomið á fund og biður Sr. Ingu um að fara með stutta bæn.

Jónína kannar hvort fundarboð sé löglegt, sem það er og þar er samþykkt án andmæla.

2. KOSNING FUNDARSTJÓRA OG FUNDARRITARA.

Steinunn Þórðardóttir er settur fundarstjóri og Berglind Gunnarsdóttir fundarritari og það er samþykkt án andmæla.

Fundarstjóri fer yfir dagskrá fundarins og nefnir þær tillögur sem borist hafa fundinum. Gefur Jónínu formanni safnaðarstjórnar orðið aftur.

3. SKÝRSLA STJÓRNAR.

Jónína kynnir og fer yfir skýrslu safnaðarins.

Hún fer fyrst yfir hverjir sitja í stjórn og hvaða starfsmenn séu starfandi við söfnuðinn.

Fyrstu verk stjórnar voru að auglýsa starf menningafulltrúa og æskulýðsfulltrúa og það voru þær Pálína Ósk Hraundal og Rebekka Ingibjartsdóttir sem voru ráðnar.

Lokaúttekt Ólafíustofu er nánast í höfn eftir mikla vinna.

Mest allt starfið hefur litast af heimsfaraldri og nánast allir fundir verið á netinu.

Einn stjórnarfundur var staðfundur

Allar kirkjur hafa verið lokaðar og starfsfólk hefur nýtt sér tæknina til þess að halda uppi starfi

Stjórn hefur lagt sig fram við að passa að starfsfólk hafi til umráða þau tæki og tól sem til þarf.

Samstarf með íslensku söfnuðunum í Svíþjóð og Danmörku hefur að mestu legið niðri en fundir hafa farið fram á netinu.

Ný heimasíða leit dagsins ljós

Stærstu verkefni á árinu hafa verið nýtt kerfi fyrir meðlimaskrána og sameiginleg málsókn gegn Barna og fjölskylduráðuneytinu. Mikil vinna hefur farið í gagnaöflun og málið fer líklega fyrir dóm í október.

Unnin var SVÓT greining og stefna og framtíðarsýn mótuð með starfsfólki og varamönnum stjórnar.

Nafnabreyting yfir í íslensku kirkjuna bíður einungis eftir grænu ljósi frá Barna og fjölskylduráðuneytinu.

Innsendar tölur til Fylkesmannen telja 6923 meðlimi.

Stjórn er ánægð með að eftir erfiða tíma í heimsfaraldri, erum við að ná til fjölmargra víðsvegar um landið.

Stjórn þakkar starfsfólki fyrir hugmyndaauðgi og sveigjanleika í starfi.

4. STEFNA SAFNAÐAR.

Fundarstjóri þakkar Jónínu fyrir og gefur Kötlu orðið sem fer stuttlega yfir stefnu safnaðarins.

5. SKÝRSLA SÓKNARPREST

Inga sóknarprestur kynnir skýrslu sóknarprests.

Undarlegt ár sem fór fallega af stað með fjölbreyttum viðburðum og fyrirheitum.

Það hefur verið krefjandi að vinna í heimsfaraldri en einnig mjög lærdómsríkur og uppbyggilegur tími með samhentum teymi starfsmanna og stjórnar.

Við höfum þurft að teygja okkur lengra og finna nýjar lausnir til að mynda tengsl og viðhalda þeim sem við höfum.

Við höfum reynt að hvetja og gleðja á þessum tímum og nota þær leiðir sem eru opnar.

Heimahelgistundir fóru af stað og voru sendar út á netinu.

Fermingamessur fóru fram með breyttu sniði þó.

Stóru hátíðirnar Ólafíuhátíð og Aðventuhátíð voru sendar út á netinu.

Við vorum hrædd en urðum að prófa og reynslan hefur sýnt okkur að með þessu móti náum við meira til allra landshluta.

Það hefur verið erfiðara að sinna sálgæslu í gegnum símann en það er þó betra en ekkert.

Inga segist stolt af teyminu sem stendur á bakvið söfnuðinn og þakkar stjórn fyrir stuðning og traust.

Kveður Jónínu með þökkum fyrir óeigingjarnt starf, fyrir að taka á móti sér og fyrir að bera alltaf hag safnaðarins í brjósti.

Þakkar Freydísi, fyrrum menningarfulltrúa fyrir góð og hugmyndarík störf, og þakkar samstarfskonum sínum fyrir skemmtilega teymisvinnu, gleði og heiðarleika.

Inga segist full af stolti yfir því sem við höfum gert og að við getum horft bjartsýn fram á veginn

Inga þakkar fyrir sig.

6. SKÝRSLA MENNINGARFULLTRÚA

Fundarstjóri gefur Pálínu Ósk, menningarfulltrúa orðið.

Hún fer yfir menningu á tímum heimsfaraldurs.

Fórum inn í tímabil fullt af áskorunum, til að byrja með var hægt að hafa einstaka viðburði utandyra svo sem útilegur, gönguferðir og fjölskyldudaga.

Handavinnukvöld hófust í Ólafíustofu en voru svo færð yfir á Zoom og þar áttuðum við okkur á möguleikunum sem felast í Zoom.

Mikill kraftur í íslendingum og við áttuðum okkur á að við vorum í þessu saman. Sjálfstraustið hefur aukist með sterkri teymisvinnu og mæting hefur verið góð.

Vitum aldrei hvernig næsta vika verður og hverjar reglurnar verða þá.

Höfum rætt mikið um hvernig við náum til fólks þegar það þarf mest á okkur að halda.

Mikil ígrundun og sáum fjöldamörg tækifæri.

Verðum að halda áfram eftir þetta tímabil að halda utan um fólkið sem við höfum náð til, halda utan um landsbyggðina.

Þannig byggjum við þetta kærleiksríka kirkjusamfélag.

Við finnum fyrir miklum meðbyr og jákvæðni í garð safnaðarins.

Spennandi tímar framundan í viðburðarstjórnun, getum verið að fá fyrirlesara til okkar frá Íslandi.

Allir jólavíðburðir færðust yfir á netið með stuttum fyrirvara en allt var sent út á netinu, jólaballið líka. Og teymið alltaf klárt að vinna að því að reyna að ná þessum hátíðleika sem fylgir þessum hátíðum.

Tilhlökkun með þennan góða og kærleiksríka verkfærakassa.

7. SKÝRSLA ÆSKULÝÐSFULLTRÚA

Fundarstjóri þakkar fyrir og gefur Rebekku æskulýðsfulltrúa orðið sem flytur skýrslu æskulýðsfulltrúa.

Rebekka sýnir fyrst líflegt myndband úr starfinu þar sem gafst tækifæri til samveru þrátt fyrir aðstæður. Aðalmyndefnið var frá útilegunni þar sem sjá má rífandi stemmingu við Rokosjøen sem klárlega verður endurtekin.

Náði að fara með 17 ungmenni frá stór Oslóarsvæðinu til Norefjell í september, helgi sem stendur upp úr á árinu.

Jólaundirbúningur var allur á netinu, krakkaklúbbur með allskyns sprelli, jólaballið tekið upp á margar græjur og klippt saman, nýtt og lærdómsríkt verkefni að vinna með svona mikið efni.

Vorum bjartsýn eftir jól en allt hefur verið á Zoom, Among Us, teiknileikur, orðaleikir og fleira. Ekkert mál að vinna með krakka því þau kunna þetta allt.

Leiðtoganámskeið hefur farið fram til að byggja upp góðan hóp af fólki.

Vona að við getum farið að hittast og byggja upp æskulýðsher um allt landið.

8. SKÝRSLA ÓLAFÍUSJÓÐS

Fundarstjóri þakkar Rebekku fyrir og gefur Rannveigu formanni Ólafíusjóðs orðið.

Rannveig fer yfir skýrslu sjóðsins, fer yfir stjórnarmeðlimi, fjölda umsókna og hver heildar úthlutunar upphæð var á árinu.

Helstu verkefni hafa verið að svara fljótt þeim umsóknum sem berast.

Seinkun á því að gera sjóðinn sjálfstæðan vegna heimsfaraldurs og málið situr enn hjá norskum yfirvöldum af þeim sökum.

1. 10 MÍNÚTNA FUNDARHLÉ -

Myndband með myndum og myndböndum úr starfi safnaðarins er spilað í hléi

9. FJÁRHAGSÁÆTLUN OG ÁRSREIKNINGAR LAGÐIR FRAM TIL SAMÞYKKTAR.

Steinunn býður fólk velkomið aftur og gefur Ingvari gjaldkera orðið

Athugasemd frá fundargesti um að gefa fólki færi að að koma með innspil eftir skýrslur, fundarstjóri býður Ingvari að ákveða hvort hann klári sýna skýrslu fyrst, samþykkt að Ingvar fari yfir sína skýrslu fyrst.

Ingvar kynnir ársreikninga fyrir árið 2020.

Tekjur: 8.877.374,-

Rekstrarkostnaður: 6.791.334,-

Rekstrarafgangur: 1.999.022,-

Bókfærðar eignir í árslok 2020 voru 16.022.906,- kr. Þar af var innistæða í bönkum 5.251.515,- og skuldir voru 2.625.224,- sem er áhvílandi lán á prestbústað.

Vonast til að geta greitt vel niður lán fyrir prestbústað í ár.

Bókfært virði prestbústaðar við árslok var, 5.957.565,- og Ólafíustofu, 3.544.205,-

Aðrar eignir 822.061,- þá helst búnaður vegna stafrænna útsendinga og bíll sem er leigður til prestsins, ca. 280.000,-.

Ársreikningar hafa verið samþykktir af endurskoðanda Alf-Harald Hansen hjá Glommen Revisjon AS.

Ingvar spyr hvort einhverjar athugasemdir séu við ársreikninga.

Ingvar útskýrir hvernig bókhaldið er fært. Þar séu þrír liðir, reikningar eru sendir á löggiltan endurskoðanda (hjá Aketo), og svo Ingvar sem samþykkir að lokum.

Eftir fjárdrátt sem söfnuðurinn lenti í þá höfum við sett strangari kröfur og það er einungis gjaldkeri sem hefur beinan aðgang að reikningum safnaðar.

Þórhallur, fundargestur, tekur til máls og hrósar stöðu fjármála. Hann óskar eftir því að fá að leggja fram athugasemdir við bæði ársreikninga og fjárhagsáætlun. Ingvar spyr hvort það sé eitthvað sem hafi áhrif á samþykkt ársreikningar en Þórhallur segir svo ekki vera, og því ákveðið að hann fái tækifæri til þess eftir að Ingvar hafi lokið við að kynna fjárhagsáætlun líka.

Ingvar ber ársreikninga upp til samþykktar.

Ársreikningar samþykktir einróma.

Ingvar kynnir fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

Mikil óvissa þar sem við vitum ekki hvenær starfið fer á fullt aftur.

Fjárhagsáætlun frá 2020 er endurnýtt þar sem margir áætlaðir viðburðir frá því ári hafa ekki verið framkvæmdir ennþá.

Jólatónleikar voru t.d. áætlaðir um allt land sem færðust svo yfir í upptökur í kirkju með hljóðmönnum og myndbandsupptökum.

Líklega eiga þó margir nýjir hlutir einnig sem eiga eftir að koma til, sem dæmi að þá hefur líklega aldrei áður verið leigður húsbíll í viku fyrir popup prest.

Fjárhagáætlun fyrir árið 2021:

Heildartekjur: 7.866.037,- – byggt á því að margir eru að flytja til baka til Íslands.

Heildarkostn. 6.662.185,-

Rekstrarafgangur: 1.093.853,-

Tekjuliðir eru fimm, sóknargjöld frá norska ríkinu og þeim sveitarfélögum þar sem meðlimir eru búsettir. Leigutekjur af prestbústað og Ólafíustofu og styrkur frá íslensku þjóðkirkjunni. Endurgreiðsla á virðisauka og vextir.

Vitum aldrei hvað við fáum í sóknargjöld fyrr en við fáum greitt.

Sóknargjöld: 7.264.036,-

Leigutekjur: 252.000,-

Endurgreiddur vsk: 250.000,-

Styrkir frá Þjóðkirkjunni á Íslandi: 75.000,-

Vextir: 25.000,-

Styrkurinn frá Þjóðkirkjunni er eyrnamerkur samstarfi við íslensku söfnuðina í Danmörku og Svíþjóð.

Dreifing tekna á liði:

Menning 264.000,-

Menningarliður er hreindir menningarbviðburðir, það sem skarast við helgihald og æsku er greitt af þeim liðum.

Prestþjónusta 725.192,-

Öll sú þjónusta sem prestur veitir, leiga á kirkjum, launagreiðslur til tónlistarfólk, kostnaður við ferðir og fl.

Ólafíusjóður 159.850,-

Skiptist í 100 þúsund króna styrk og svo rekstur Ólafíusjóðs, laun til stjórnarmanna.

Ólafíustofa 249.136,- hreingerningarefni, prent, málning, kaffi. Engir stórir liðið áætlaðir þar.

Æskó 801.177,- barna og unglíngastarf undir einum hatti.

Fullorðinsfræðsla 133.110,- námskeið, tilfinningar, ljósmyndun etc.

Fullorðnir 178.800,- Áður 60+. Ekki bara eldri borgarar. Margir sem vilja taka þátt í starfi sem hentar fyrir þá sem eru ekki að vinna og geta tekið þátt í starfi á daginn.

Prestbústaður 339.600,- Búið að ákveða og gera ráð fyrir því að það þarf að skipta um eldhús.

Ferming 316.046,- Miðast við ca. 25 einstaklinga og kostnaði við ferðalög. Erum með fleiri börn sem hafa ekki fermst ennþá og því gæti þessi póstur verið hærri í ár, eða á næsta ár.

Stjórnun 2.973.542,- (kannski rangnefni) allir launaliðir fastra starfsmanna og stjórnar og fastra launþega. Aðföng og annað sem er nýtt í aðra hluti. T.d. veitingar í Ólafíustofu enda oft þarna þegar það er óvissa hvar þeir eigi heima.

Ingvar opnar fyrir umræðu og biður fólk um að rétta upp hönd.

Þórhallur fundargestur tekur til máls og vill fyrst taka það fram að það er mikilvægt fyrir okkur sem erum í salnum að gefa stjórn, og sérstaklega starfsfólki og Ingu hrós fyrir gott starf og verst að geta ekki klappað fyrir góð verk.

Tveir punktar sem hann saknar – virkni safnaðar gagnvart safnaðarfélögum. Freydís tengdi okkur saman og sagði frá atburðum í fréttabréfi. Það er svo mikil flæði á netinu og það væri gott að fá þetta á einu bretti.

Þórhallur fundargestur deilir skjá með fundinum.

Gerir athugasemdir við það að ekki hefur verið lagt fjármagn í það að auka fjölda meðlima safnaðarins. Bein tenging á milli tekna safnaðarins og þessa. Mikil lækkun í þessum kostnaðarlið á milli ára, stór útgjaldaliður árið 2020 en mjög lítið í ár.

Ingvar svarar og útskýrir hvernig við fáum greitt.

Ingvar segir að við höfum samband við þá sem flytja nýjir til Noregs og ef þeir eru í íslensku þjóðkirkjunni þá þurfa þeir að láta vita að þeir vilji ekki vera skráðir, eða sem sagt vilji skipta um trúfélag.

Það sé lítil kostnaður við að hringja í þessa meðlimi, og við erum í raun búin að fá svör frá öllum sem voru einhvern tímann skráðir í söfnuðinn áður en meðlimatalið var fellt út.

Á seinasta ári var mjög hár kostnaður í þessum lið en hann tengdist því að byggja upp nýtt kerfi sem hefur gert okkur kleyft að vinna fram á við. Við erum núna með öflugt kerfi sem sækir á 4 mánaða fresti upplýsingar um þá sem hafa flutt til Noregs og svo sér Unnur hjá Consort (íslensk kona sem vinnur hjá úthringifyrirtækinu Consort) um að hringja í þessa aðila.

Já það er munur og fækkun en það er líka munur á þeim upplýsingum sem við fáum frá þjóðskrá og þeim sem við fáum frá norska „folkeregister» um það hvenær fólk er að skrá flutning á milli landa. Erum að fá mismunandi tölur.

Samkv. Íslenskir þjóðskrá búa 13 þús ísl í noregi en samkv. Folkeregisteret eru þeir 9 þús.

Erum að reyna að tryggja það að vera í plús.

Þórhallur vill fá að setja fram hvernig hann skilur Ingvar, það er jákvætt að þetta sé hugsað fram á við og kerfi sé klárt sem er vel uppfært.

Hvatning til stjórnar og Ingvars að reyna að halda uppi sem mestu, fylgja eftir bæði nýjum og gömlum íslendingum. Dregur til baka tillögu um að auka fé í þennan málaflokk eftir útskýringar Ingvars.

Næsta mál frá Þórhalli er að það kemur spáskt fyrir sjónir að árið 2020 fá menningarmál áætluð 565 þúsund krónur en í ár eru einungis 264 þúsund áætluð. Þarf ekki meiri pening í þennan lið til að halda upp gróskumiklu menningarlífi.

Ferðakostnaður var einnig meiri árið 2020 á tíma heimsfaraldurs, en í ár þegar allt gæti farið að opna að þá er einungis áætlaðar 245 þúsund krónur.

Mætti ekki setja meiri pening í þetta og hækka um 10-20 %

Sér að það eru settar af 300 þúsund til að efla starf úti á landi sem er mjög jákvætt.

Mjög sterkt að hafa 5 milljónir í lausafé en hvernig er þessu ákvaxtað. Gjaldkeri fær mikið hrós fyrir það að hafa 5 milljónir á bók.

Ingvar svarar að ferðakostnaður hefur verið aðallega vegna stjórnar en við höfum tekið ákvörðun um að hittast sjaldnar á staðnum þar er við virkum vel á netinu, þar af leiðandi er áætlaður lægri ferðakostnaður.

Varðandi menningarhlutann að þá er þetta póstur sem var ákveðinn á samstarfsfundum fyrir fjárhagsáætlun 2020. En við höfum bara haft það þannig að stjórnin hefur bara tekið fyrir þau menningarmál sem koma upp og samþykkt þau.

Oft hafa viðburðir verið færðir á menningarhlutann sem ættu kannski að vera í presthlutanum. Er prestþjónustuhlutinn er skoðaður að þá er hann lægri en hann hefði átt að vera samkvæmt fjárhagsáætlun. En líka blandaðir viðburðir.

Við vöðum svolítið í blint vegna ástandsins.

Þórhallur kemur með athugasemd við mismunandi hugtök í ársreikningi og fjárhagsáætlun. Og nefnir þar liðina börn og unglingar, ferming og aktivitetar. Þetta gerir safnaðarfélögum erfitt fyrir að lesa reikningana og skorar því á stjórn að leggja fram fjárhagsáætlun með sömu hugtökum og lykllum.

Ingvar svarar það er verið að breyta þessum nöfnum og hvernig við notum þessa lykla.

Var óskað eftir því á síðasta aðalfundi að hafa þetta skýrara og þess vegna var þetta sett upp í ársskýrslu á einfaldan hátt. Ingvar mun setja þetta upp betur fyrir næsta ár. Bæði einfalt og flókið.

Þórhallir segir að sér þyki vænt um þessi svör og þakkar fyrir.

Fundastjóri athugar hvort fleiri hendur séu á lofti.

Hjörleifur Valsson biður um orðið

Tekur undir orð Þórhalls um að það beri að þakka það sem er vel gert.

Þakkar þórhalli fyrir að vera virkur, mikilvægt að vera vakandi.

Þakkar einnig Ingvari fyrir góð svör og góð og vel unnin störf.

Þá er gengið til kosninga um fjárhagsáætlun safnaðarins fyrir árið 2021.

Fjárhagsáætlun telst samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri segir ársreikninga og fjárhagsáætlun samþykkt.

10. KOSNING Í STJÓRN SAFNAÐARINS.

Kosningar til setu í stjórn safnaðarins.

Þrír aðilar í framboði;

Hjörleifur Valsson

Guðjón Andri Reynisson

Guðrún Elín Svansdóttir

Formaður kjörnefndar býður fólki að kynna sig

Hjörleifur, Guðjón og Elín kynna sig stuttlega.

Kosning er sett af stað.

Athugasemd frá fundargesti um það hvort það eigi ekki að kjósa um sæti Björns líka sem setið hefur í stjórn í 4 ár, það telst rétt og því er kosning stöðvuð.

Björn fær tækifæri til að kynna sig og fer yfir störf sín í stjórn og vill gjarnan fá að starfa áfram

Kosning er sett af stað að nýju og fólk beðið að velja tvo aðila.

Björn og Hjörleifur hljóta flest atkvæði og teljast því kosnir inn í aðalstjórn.

Þá er kosið um 1 sæti í varastjórn

Þuríður Drífa hefur boðið sig fram í varastjórn og telst sjálfkjörinn inn í varastjórn

Þuríður kynnir sig stuttlega.

11. TILLÖGUR.

Fundarstjóri segir þá kosningum lokið, þakkar fyrir kosningu og biður Björn Hallbeck að kynna tillögu til lagabreytinga. Björn deilir skjá með gestur fundarins þar sem tillögurnar koma fram.

Björn segir þær vera aðallega breytingar á orðalagi, engar meiriháttar breytingar.

1. tillaga er að orðið aðalsafnaðarfundur fellur brott og orðið aðalfundur komi í staðinn

Kosning um 1. tillögu er samþykkt einróma.

Ingvar bendir á að það þarf að gefa fólki tækifæri til að koma með athugasemdir eftir að hver liður er kynntur.

Eyjólfur, fundargestur og varamaður í stjórn safnaðarins gerir athugasemdir við að tillögur að lagabreytingum falli undir tillögur í dagskrá, þær ættu að vera sérstakur dagskrár liður. Hann vill einnig koma að þeirri athugasemd um lið í lögum safnaðarins þar sem kemur fram að ef söfnuðurinn verður lagður niður að þá renni allar eigur hans til Ólafíusjóðs, það sé í raun ekki hægt þar sem Ólafíusjóður tilheyri ennþá söfnuðinum.

2. tillaga að lagabreytingu, undir „Dagskrá aðalfundar» í gr.2 fellur út «stefna stjórnar» og í stað þess kemur «skýrsla stjórnar».

Er borin upp án athugasemda og samþykkt með einu atkvæði á móti.

3. tillaga að lagabreytingu, í annarri málsgrein fjórðu efnisgreinar í gr.3 skal falla brott; «Kjósa skal jafnmarga varamenn og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir í.» Ný málsgrein kemur í stað hennar sem orðast svo; « Til vara skulu vera þrír einstaklingar og taka þeir sæti í forföllum stjórnarmanna eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir í.»

Eyjólfur, fundargestur og varamaður í stjórn safnaðarins, spyr hver sé ástæða þessarar fækkunar

Ingvar svarar og segir að áður var það þannig að öll stjórnin gæti hætt og varastjórn tekið við. Þetta sé yfirleitt ekki vaninn, og svo er vilji fyrir því að auka hlutverk varamanna og því fylgir kostnaður sem væri þá hægt að lækka með því að fækka varamönnum.

Það taki tvö ár að þessi samþykkt taki gildi og þetta sé nútímavæðing á skipulagi.

Eyjólfur þakkar svar og kosning er sett af stað.

Breytingartillaga 3 er samþykkt með einu atkvæði á móti.

4. tillaga að lagabreytingu er kynnt og hljóðar svo: Í fyrstu málsgrein sjöttu efnisgreinar í gr.3 skal falla brott «Safnaðarstjórn tekur mið af starfsreglum Íslensku þjóðkirkjunnar um sóknarnefndir nr. 732/1998.» Ný málsgrein kemur í hennar stað sem orðast svo: «Safnaðarstjórn tekur mið af starfsreglum Íslensku þjóðkirkjunnar.»

Þórhallur bendir á að starfsreglur Íslensku Þjóðkirkjunnar séu gjörólíkar þeim sem eru hér í Noregi.

Ingvar svarar og bendir á að þessi grein sem vísað er í er ekki lengur til. Við leggjum áherslu á að safnaðarstjórn tekur MIÐ af starfsreglum Þjóðkirkjunnar.

Þórhallur spyr hvort Ingvar hafi skoðað nýjar starfsreglur og Ingvar svarar því játandi og þess vegna tökum við mið en fylgjum ekki í einu og öllu. Við vinnum í norsku lagaumhverfi og getum ekki bundið okkur við starfsreglur á Íslandi.

Þórhallur vill að fundarstjóri hvetji til þess að laganefnd verði sett á laggirnar til þess að skoða lög og það verði unnin ný lög sem yrðu sett fram.

Fundastjóri vill að þetta verði fært til bókar og hvetur stjórn til þess að skoða þetta mál frekar og þetta verði skýrt sett fram á aðalfundi.

Þórhalli finnst óþarfi að kjósa núna um lög sem eru þá ekki fullgild.

Ingvar svarar að það sé óþarfi þar sem við erum skráð í Noregi og segir að við munum skoða þetta með lögfræðingi.

Fundarstjóri spyr hvort fleiri vijir tjá sig sem er ekki og því er kosning sett af stað.

Allir samþykkir 4. tillögu til lagabreytinga.

5. tillaga til lagabreytingar varðar breytingu á orðinu «sóknarnefnd» í fyrstu málsgrein fyrstu efnisgreinar í 5.gr og í stað þess verði notað orðið stjórn safnaðarins.

Athugasemd um íslensku að öðru leyti er breytingin samþykkt einróma.

6. tillaga varðar breytingu á hann í hann/hún í annari málsgrein fyrstu efnisgreinar í gr.5.

Aftur berst athugasemd um íslensku að öðru leyti er breyting samþykkt einróma.

7. tillaga að lagabreytingu varðar það hvert eigur safnaðarins renna verði hann lagður niður. Tillagana felst í því að í stað þess að renna til íslensku Þjóðkirkjunnar að þá renni eignar til Ólafíusjóðs sem þá verðir sjálfstæð eining.

Eyjólfur kemur með athugasemd um að þessi breyting sé ekki tímabær þar sem Ólafíusjóður sé ekki sjálfstæð eining..

Ingvar svarar því þannig að þetta gangi ekki í gegn fyrr en á næsta aðalfundi, (þar sem það þarf að samþykkja allar lagabreytingar á tveimur aðalfundum í röð) og þetta sé því í raun formsatriði þar sem einungis vanti stimpil til að gera Ólafúsjóð sjálfstæðan.

Norska ráðuneytið sem fer með lög um trúfélög samþykkir ekki lögin okkar eins og staðan er í dag þar sem þetta eru norskir peningar og í raun óleyfilegt að færa þá til Íslands.

Núverandi málgrein er ólögleg segir Ingvar.

Ingvar nefnir að það sé mjög ólíklegt að það gerist að allir trúaðir Íslendingar flytji í burtu. En gerist það geta norðmenn tekið við Ólafúsjóð sem «stiftelse» og rekið hann áfram sem slíkan.

Fundarstjóri spyr um álit lögfræðings.

Anna Guðný lögfræðingur segist ekki hafa skoðað þessi mál og telur stjórn hafa sett sig betur inn í þessi mál.

Það stefnir allt í að Ólafúsjóður verði stofnaður og það verður að samþykkja þetta á næsta aðalfundi og þá væri hægt að stoppa þetta sé stofnun sjóðsins ekki gengin í gegn.

Eyjólfur kemur með athugasemd um að söfnuðurinn sé hluti af Þjóðkirkjunni

Inga prestur svarar og nefnir að við séum að fara í vinnu við það að skýra starfsreglur okkar og við séum einhversskonar barn sem er flutt að heiman. Þetta er flókin staða sem vonandi skýrist og að það verði góð vinna sem skili okkur betri skilgreiningu á okkar stöðu.

Eyjólfur leggur til að það verðir beðið með þessa breytingartillögu.

Anna Guðný lögfræðingur nefnir að söfnuðurinn sé algjörlega norsk stofnun og það sé ekki hægt að bera þetta saman.

Eyjólfur ítrekar tillögu sína.

Jónína fráfarandi formaður fær orðið og vill bara minna á að þetta hefur dregist vegna aðstæðna í Þjóðfélaginu og það sé óeðlilegt.

Eyjólfur ítrekar enn þá tillögu að láta vísa breytingartillögunni frá og biður um að það sé kosið um að vísa þessari tillögu frá á þeirri forsendu að hún sé tímaskekkja.

Kosning um það hvort eigi að kjósa um lið 7 er sett af stað.

Ingvara vill benda á að ef við kjósum ekki að þá erum við að samþykkja að vinna með ólögleg lög sem sé búið að áminna okkur fyrir.

Þrír eru fylgjandi tillögu Eyjólfssonar um að bíða með kosningu á þessari tillögu en meiri hluti vill kjósa.

Fundarstjóri biður um að þetta sé fært til bókunar og að þessi athugasemd verði tekin til greina.

Kosning um tillögu 7 til lagabreytinga er sett af stað.

Einungis tvö atkvæði á móti og telst því lagabreytingin samþykkt.

Fundarstjóri endurtekur að þetta verði fært til bókar og verði skoðað af Ingvari og Önnu Guðný lögfræðing.

Ekki eru fleiri tillögur til lagabreytinga

Ein önnur tillaga hefur borist fundi en þar sem hún barst of seint verður ekki hægt að kjósa um hana en þó megi ræða tillöguna.

Hjörleifur Valsson höfundur tillögunnar tekur til máls og bendir á að upplýsingaflæði mætti bæta til þess að fólk sæi skýrar hvenær frestur til þess að leggja fram tillögur sé.

Tillaga Hjörleifs felst í því að menningar og listanefnd verði endurvakin, hún hafi gefist vel með fasta viðburði og styrkt frumkvæði íslenskra tónlistarmanna.

Hjörleifur óskar eftir því að þessi hugmynd verði færð til bókar og að hann komi til með að vinna að þessari hugmynd og að nefnd gæti stutt við bakið á góðu starfi menningarfulltrúa. Menningarnefnd fengi úthlutað ákveðnu fjármagni og að þetta gæti eft og gert allt menningarstarf faglegra.

Pálína menningarfulltrúi tekur til máls og nefnir að lýsing á menningarnefnd sé hennar starfslýsing og vill leggja fjármagn í viðburði þess í stað að greiða það fé til nefndarstarfa.

Hjörleifur vill að nefndin sé bakhjarl menningarfulltrúa

Fundarstjóri nefnir að þessi tillaga sé komin fram og að hún er færð til bókar. Hjörleifur sé komin í stjórn og hafi því gott tækifæri til þess að vinna að þessari hugmynd með stjórn.

Þórhallur styður Hjörleif og nefnir að menningarstarf sé mjög mikilvægt.

Þetta sé ólaunað starf sem gæfi breidd

Vill láta kjósa um þetta í dag eins og þegar nefndin var lögð niður á síðast ári

Fundarstjóri minnir á að það er ekki hægt / lögleg, og ítrekar að Hjörleifur hafi fullt tækifæri til að ræða þetta áfram með stjórn og þetta geti þá verið tekið til kosninga á næsta ári.

12. ÖNNUR MÁL

Jónína fráfarandi formaður biður um orðið.

Langar að þakka kærlega fyrir sín 4 ár, þau hafi verið mjög krefjandi. Söfnuðurinn hafi verið nánast gjaldþrota og allir meðlimir hafi horfið. Hún hafi barist fyrir lífi safnaðarins og að hann yrði nútímavæddur þar sem náð yrði til breiðari hóps en verið hafði.

Gengur sátt frá borði og þakkar kærlega fyrir samstarfið.

Fundarstjóri bíður Ingu að segja lokaorðin

Inga þakkar fyrir góðan fund, hreinskilin, góð og markviss samskipti.

Nýtt fólk boðið velkomið og við viljum vinna með sem flestum af svona góðu fólki.

Þakklát fyrir daginn og það verður skemmtilegt að halda áfram.

Gefandi að byggja upp þessa lifandi og kærleiksríku kirkju.

Takk fyrir að gefa af tíma ykkar til að vinna fyrir kirkjuna.

Eyjólfur kemur með athugasemd um að það eigi eftir að kjósa í kjörnefnd, hann fær það svar að svo sé ekki þar sem kosið var í öll þau nefndar sæti í fyrra.

Fundarstjóri spyr hvort einhver sé með lokaorð.

Þórhallur fundargestur vill fá bókun á aðalfundi og leggur fram texta úr fundargerðum frá árinu 2019 og 2020

Þar sé misræmi í fundargerð um fjölda nefndarmanna í laganefnd.

Vill ekki umræðu um þetta vill bara leggja þetta til bókunar. Sjá viðhengi aftast í þessari fundargerð.

Gjaldkeri svarar því að á seinast aðalfundi var kosið um Þórhall og Rebekku og að þetta sé skýrt í fundargerðum.

Þórhallur vill meina að þetta sé ekki til þess að skapa samstöðu en vill hrósa fyrir virkilega vel unnin störf .

Fundarstjóri þakkar fyrir fund og leggur til það verði klappað fyrir Jónínu fráfarandi formanni sem hún fær.

Fundarstjóri segir fundi slitið kl. 17.12.

Bókunn lögð fram á aðalfundi 2021 Íslenska safnaðarins:

Bókun til fundargerðar 2021, vegna atvika á aðalfundi safnaðarins 2020 og fundargerðar 2020

Eftirfarandi er tekið úr fundargerð frá aðalfundinum 2020

«Athugasemd berst frá fundargesti að í fundargerð frá síðasta aðalfundi séu nefndir 4 aðilar sem allir hafi verið samþykktir til nefndasetu. En í nýrri gögnum eru bara þrjár fyrstu nefndir. Formaður stjórnar svarar því að þetta bara 3 manna nefnd og gjaldkeri staðfestir það eftir að hafa skoðað gögnin». (Á aðalfundi 2021 mótmælti gjaldkeri Safnaðarins að hann hafi staðfest þessi gögn eins og segir í fundargerð 2020)

- Á aðalfundinum 2020 bendi undirritaður á, að á aðalfundi árið áður 2019, hefði undirritaður hefði verið kosinn til 4 ára, eins og allir aðrir nefndarmenn safnaðarins.
- Undirritaður benti jafnframt á að það kemur hvergi fram í lögum safnaðarins um takmörkun á fjölda nefndarmanna við 3 nefndarmenn. Þess ber jafnframt að geta að einn af nefndarmönnum, Rósa Áskelsdóttir hafði biðst undan nefnasetu og voru því 3 nefndarmenn eftir í nefndinni á aðalfundi 2020.
- Undirritaður var kosinn til að sitja í laganefnd á aðalfundi 2019, eins og kemur fram í fundargerð aðalfundar safnaðarins 2019, „Kosning í nefnd til að endurskoða lög og reglur Íslenska safnaðarins: Tillaga er lögð fram um að setja á laggirnar nefnd sem endurskoða lög og reglur safnaðarins. Formaður tilnefnir eftirfarandi aðila og hvetur þau til að skila álitinu sínu fyrir 31.12 2019: Þór Garðarsson, Björn Hallbeck og Rósa Áskelsdóttir. Þórhallur sækist einnig eftir setu í nefndinni. Öll eru samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta að sitja í nefndinni».
- Það voru engin gögn borinn fram á fundinum fyrir „En í nýrri gögnum eru bara þrjár fyrstu nefndir“. Ákvörðun á aðalfundi, sem er æðsta yfirvald Safnaðarins, getur ekki verið hnekkkt enn af öðrum aðalfundi. Það er ekki tilfellið hér.

Það eru því rangt það sem kom fram frá formanni stjórnar á aðalfundinum 2020 og skráð er í fundargerð 2020 Safnaðarins. Þessir 4 afgerandi punktar frá aðalfundi 2020 koma ekki fram í fundargerð aðalfundar 2020. Undirritaður gerði kröfu um bókun á aðalfundi 2021, að þessi bókun verði tekinn inn í fundargerð aðalfundar 2021.

Þessi gjörningur formanns stjórnar safnaðarins er því að öllu ólöglegur og gengur því þessi gjörningur tilbaka, að undirritaður hefur því fullan rétt á setu í laganefnd.

Hvað liggur að baki þess að formaður stjórnar safnaðarins óskaði eftir því að bola undirrituðum frá laganefnd er ekki þekkt, - enn ég tel að slík vinnubrögð séu ekki til að auka samstöðu og heilindi innan Íslenska safnaðarins.

Ósló 9. maí 2021

Þórhallur Guðmundsson